

Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 6. febrúar 2024 kl. 17.00 á Teams.

Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson varaformaður, Ingirafn Steinarsson, Tinna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir.

Vantar:

Dagskrá

1. Angró
 - a. Staða á hönnun
 - i. Í síðustu viku fór fram kynning á stöðu á hönnun á safnasvæðinu og hefur stjórnarmönnum verði send upptaka af kynningunni. Á kynninguna mættu fulltrúar starfsmanna, stjórnar, Múlaþings, Minjastofnunar, samstarfsaðila svo sem Minjasafnsins og fleiri.
 - ii. Kynningin tók á því hvernig hönnun Angró og nýbyggingar auk ytra svæði safnsins er statt. Eins og staðan er núna er lagt til að beðið verði með efri hæð Angró og þar af leiðandi mikinn kostnað við stiga, lyftu sem og að fullklára efri hæðina. Einnig er lagt til að bíða með bryggjuna enda er húsið teiknað allt á föstu landi í samráði og samtali við Minjastofnun.
 - iii. Unnið er enn að deiliskipulagi af hálfu Múlaþings og klárast sú vinna vonandi í vor.
 - iv. Hanna þarf frekar til að hægt sé að fara í kostnaðarmat. Núverandi kostnaðarmat lagt fram til umræðu og kynningar.
 - v. Unnið er nú að brunahönnun.
 - b. Fjármagn til endurbyggingar.
 - i. Minjastofnun hefur greitt 30% af þeim 150 milljónum sem safnið fær. Múlaþing hefur ekki enn gengið frá afsali og greiðslu til safnsins þrátt fyrir óskir safnsins um að klára þann gjörning.
 - c. Bókun vegna liðar 1: Tinna Guðmundsdóttir, varamaður, vill færa að til bókar að hún setji fyrirvara á hvernig hönnun á safnasvæðinu í kringum Angró-húsið hefur þróast. Grundvallarbreyting hefur verið gerð á upprunalegu hugmyndinni sem tengdist vali á staðsetningu og byggingin er ekki lengur bryggjuhús við sjóinn, heldur venjulegt timburhús sem gæti verið hvar sem er í bænum.
2. Fjárhagsáætlun rekstar fyrir árið 2024
 - a. Safnstjórar fara yfir fjárhagsáætlun rekstrar fyrir safnið fyrir árið 2024. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.
3. Verkefni ársins
 - a. Safnstjórar fara yfir helstu verkefni þessa árs í samræmi við styrki sem safnið hefur fengið.



- i. Hönnun og bygging nýs safnasvæðis við Lónsleiru sbr. Lið 1.
 - ii. Vélsmiðjan
 1. Fara þarf í viðhald húsnæðis svo sem að steypa gluggakanta, setja upp innréttingu auk þess þarf að fara í endurbætur á þaki miðjuhúss.
 2. Fara þarf í viðbætur við sýningunni í Vélsmiðjunni og viðhald.
 - iii. Varðveisluhúsnæði, þar eru verkefni skráning muna, grisjun, varðveisla og lok á standsetningu sem er á lokametrum. Setja þarf upp mæla en annars er standsetning lokið.
 - iv. Kvennasögubing í júní og Kvennasögusýning á Lónsleiru í stað núverandi sýningar.
 - v. Farskóli 2024 og vistaskipti starfsmanna sem áætlað er að vinna með Síldarminjasafninu í haust.
 - vi. Fræðsluverkefni með ME í tengslum við uppvinnslu.
 - vii. Markaðssetning á safninu.
4. Starfsmannamál.
- a. Farið yfir stöðu í starfsmannamálum.

Fundi slitið kl. 18.23